

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Alþingi

Alþingi

Erindi nr. P 127/695

komudagur 18. 2. 2002



Alþingi – nefndarsvið.
b/t Einars Farestveit.
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

Gunnarsholti 11. febrúar 2002.

Efni: Umsögn vegna frumvarps um breytingu á búnaðarlögum.

Landgræðslan þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið mun verksvið erfðanefndar m.a. annars ná til trjáa og nytjajurta, þ.e. allra jurta sem notaðar eru í ræktun hér á landi. Þessi skilgreining er rúm og nær m.a. til tegunda sem notaðar eru í landgræðslu.

Meðal mikilvægustu verkefna Landgræðslunnar, sbr. lög nr. 17/1965, er að meta hvaða plöntutegundir eru vænlegastar til uppgræðslu hér á landi og koma þá bæði til skoðunar hefðbundnar íslenskar tegundir svo og aðrar tegundir, sjá m.a. 41. gr. laga nr. 17/1965. Hjá stofnuninni fer fram viðamikið rannsóknastarf þessu tengt.

Augljóst er að gróðurverndar- og uppgræðslustarf Landgræðslunnar byggist m.a. á notkun jurta sem verksvið erfðanefndar landbúnaðarins nær til. Mikilvægt að Landgræðslan eigi fulltrúa í umræddri nefnd og þess óskað að landbúnaðarnefnd geri ráðstafanir til að svo megi verða.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.